
„ÞETTA ER BYLTINGIN"
„VIÐ HEIMTUM FRELSI"
Gegn einræði, ofbeldi og kúgun – fyrir frelsinu
Austur-Þýzka kommúnistastjórnin varð að gjalti, er þúsundir Berlínarbúa sýndu henni í tvo heima
Ákvæðin um hætur á sparifé einstaklinga til framkvæmda
Diana Axthall
– Hollráð og hugrenningar

Fyrstu fréttirnar sem bárust af mótmælum verkalýðsins 16. júní 1953.

dynja yfir það. Skriðdrekar dreifðu fólkinu, og á horni Friðriksstrætis og Leipzigerstrætis ók rússneskur skriðdreki á fullri ferð inn í mannfjöldann og kramdi undir sér tvo menn, en fjöldi manna særðist alvarlega. Rússneskir hermenn tóku stöðu við landamæri Austur- og Vestur-Berlínar, en í ljós hafði komið að a-þýzkir lögreglumenn reyndu unnvörpum að flýja yfir til V-Berlínar.

Skömmu eftir að skothríðin hófst var því lýst yfir í hátölurum og í útvarpi rússnesku hernámsstjórnarinnar að herlög væru í gildi í borginni. Allur mannsöfnuður væri bannaður og ef vart yrði við tvo eða fleiri menn á tali saman á götum úti yrði vægðarlaust skotið á þá.

Þannig var mótstaða fólksins sem gerði kröfu til frelsis og sæmilegra lífskjara brotin á bak aftur með rússneskum vopnum.

Rússneskir skriðdrekar óku um götur borgarinnar og hersveitir þeirra búnar stálhjálmum, byssustingjum og vélbyssum, þrömmuðu um strætin. Heilt vélarherfylki Rússa og 3 fótgönguliðsherfylki eða 30 þúsund hermenn höfðu sótt inn í borgina.

Handtökur og líflát

Daginn eftir, eða 18. júní, mættu verkamenn til vinnu sinnar en útvarpið í A-Berlín skýrði frá því að handtökur verkamanna væru hafnar.

Þeir sem handteknir voru fyrstu dagana eftir uppþotið voru leiddir fyrir herrétt, dæmdir og skotnir fyrir áróðursstarfsemi og þátttöku í. tilraun til uppreisnar gegn stjórnvöldum landsins.

Austur-Berlín leit út eins og víggirtar herbúðir og við og við heyrðist skothríð yfir til V-Berlínar. Rússneskt herlið fylkti sér við landamæri borgarhlutanna og lokaði þannig undankomuleið uppreisnarmanna á meðan herlögreglan leitaði fórnardýra sinna í borginni.

Fregnirnar af mótmælum fólksins í A-Berlín bárust þegar í byrjun um allt A-Þýzkaland með útvarpssendingum og óeirðir urðu í fleiri borgum, s.s. Dresden, Leipzig, Madgeburg og Erfurt. Nokkrir létu lífið í Chamnitz. Í Dresden var tveimur verkamönnum stefnt fyrir rússneskan dómstól og þeir teknir af lífi.

Kröfum alþýðu í A-Berlín og fleiri borgum í A-Þýzkalandi fyrir frelsi og bættum kjörum var

Framhald á bls. 18


16 síður
Morgunblaðið
Júníbylting þýzkra verkamanna var vægðarlaust bæld niður af rússneskum skriðdrekasveitum
Kommúnistastjórnin hröpuð niður af þýzkri alþýðu
Hleypti út úr fernum fangabúðum í fyrrinótt
(Um 25 þúsund fanga hinka fausum hala og engar líkur til að þeir náist
Nýtt farmgjaldshneykslí S.Í.S.
Hvað hefur orðið af stórgróða af leigu skipsins Perryville?
FYRSTA AFTAKAN

Fréttir af miskunnarlausu atferli „verndaranna", 17. júní 1953.

— Myndlist

Framhald af bls. 17.

myndir sem mætti álíta lykilverk á ferli hans — myndir sem eiga vafalaust eftir að verða klassískar í sögu þessa tímabils í myndlist t.d. sumar, „Scape"-myndirnar — „Ópið" nr. II", — „Stravinsky", sumar „Geimfara"-myndirnar, „Maó"-myndirnar — og yfirleitt hefur hvert tímabil, hver myndaröð skilað nokkrum myndum sem eru í sérflokki að gerð.

Sum tímabilin er ekki auðvelt að melta og hugsunin að baki ýmissa ólíkra myndaraða býður upp á slíkar andstæður að skoðandinn er þrumulostinn í fyrstu en sér þó visst samhengi í túlkununni við nánari kynni. Erró fjallar sérstaklega um nokkur verk sín í sýningarskrá og hyggst ég síðar birta myndir af þeim með skýringum hans hér í blaðinu. Vafalítið fáum við, er um myndlist fjöllum, næg tækifæri til að rita um list hans í framtíðinni en hér hef ég öðru fremur reynt að kynna manninn að baki myndanna ef takast mætti að varpa nokkru ljósi á tilurð þeirra, skoðendum til glöggvunar.

Það var sannarlega snjöll hugmynd að fá þennan íslenska víking til að sýna hér á Listahátíð. Viðtökurnar hafa reynst með ágætum og jafnvel betri en nokkurn óraði fyrir. Vel hönnuð og í alla staði vönduð bók um listamanninn, er Iceland Review og Almenna bókafélagið standa að, seldist upp á svipstundu í íslensku útgáfunni og vafalítið selst enska útgáfan upp fyrr en varir.

Já, dregið saman í hnotskurn færir þetta framtak okkur heim sanninn um hvað hægt er að afreka í íslenskri myndlist — og fyrir íslenska myndlist — ef rétt er að staðið.

— Dönsuðum

Framhald af bls. 26.

eiga frí. Einn þeirra er með mér hérna núna. Hann heitir Jens. Það stóð eiginlega til að barnið yrði stúlka og hún átti að heita Jenny í höfuðið á Jenny Lind en fyrst það varð drengur skírðum við hann Jens."

— Búið þið í Svíþjóð?

— „Já við búum í Stokkhólmi, það er að segja skammt frá Stokkhólmi, — að sjálfsögðu á eyju, Lidingö. Það er afskaplega gott að búa þar. Við bjuggum annars fimm ár í Bandaríkjunum en ég kann best við mig þarna á eyjunni rétt fyrir utan Stokkhólm."

— Syngurðu allt árið, eða áttu kannski löng frí annað veifið?

— „Ég syng næstum því allt árið. Það er líka mjög óþægilegt að hætta að syngja í meira en svona tvær vikur í senn þannig að ég fæ mitt frí í formi nokkurra daga hér og þar um heiminn."

— Hvernig lítur þú á hljóðfærið þitt, röddina?

— „Þetta er voðalegt hljóðfæri. Það er svo viðkvæmt. Það er ekki bara viðkvæmt fyrir kvefi og kvillum, heldur þarf ekki annað til en eina kexörðu til að maður fari að hósta og verði hás. Elísabet nafna mín Schwartzkopf varð að aflýsa heilu hljómleikaferðalagi vegna eins vínbers."

— Þekkirðu einhverja íslenska óperusöngvara?

— „Já, ég þekki Guðmund Jónsson, enda er hann gamall skólabróðir minn frá Óperuskólanum í Stokkhólmi. Hann hefur geysilega rödd og mikið raddsvið og mér er það alveg ógleymanlegt að við Guðmundur dönsuðum saman ballet þegar við vorum í Óperuskólanum forðum."

— Gunnar H. Ólafsson

Framhald af bls. 17.


línubátar. Þessi skip eru þó einungis hér vegna þess að við leyfum það og lúta í einu og öllu íslenzkum lögum.

En er þá öllum átökum um Íslandsmið lokið? Tæplega. Ennþá er eftir fjórða og kannski erfiðasta þorskastríðið en það er að rækta upp aftur hálfeydda fiskistofna í kringum landið. Og nú stendur þjóðin ekki einhuga lengur, hagsmunir rekast á hagsmuni og bróðir er á móti bróður. Þetta stríð verður þó að vinnast því án þess er öllum öðrum sigrum í landhelgismálinu á glæ kastað. Ef illa tekst til er það okkur sjálfum einum að kenna. En ef vel tekst til mun sjórinn veita okkur þann auð, sem þarf til uppbyggingar öflugs iðnaðar og betri lífskjara í sjálfstæðu landi. Betri ósk á ég ekki landsmönnum til handa á þessum hátíðisdegi.

SKIL

Jafnan fyrirliggjandi í miklu úrvali

RAFMAGNS HANDVERKFÆRI


Borvél og fleygur, sérlega hentug fyrir rafvirkja, pípulagningamenn og byggingameistara. Tekur bora upp í 32 mm og hulsubora upp í 50 mm. Slær 2400 högg/mín. og snýst 250 sn/mín. Mótor 680 wött.


Fullkomin iðnaðarborvél með tveimur föstum hraðastillingum, stiglausum hraðabreyti í rofa, og afturábak og áfram stillingu. Patróna: 13 mm. Hraðastillingar: 0–750 og 0–1500 sn/mín. Mótor: 420 wött



Öflug beltaslípivél með 4" beltisbreidd. Hraði: 410 sn/mín. Mótor: 940 wött.



Þetta er hin heimsfræga Skil-sög, hjólsög sem viðbrugðið hefur verið fyrir gæði, um allan heim í áratugi. Þvermál sagarblaðs: 7¼". Skurðardýpt: beint 59 mm, við 45° 48 mm. Hraði: 4,400 sn/mín. Mótor: 1.380 wött.



Létt og lipur stingsög með stiglausri hraðabreytingu í rofa. Hraði: 0–3500 sn/mín. Mótor: 350 wött.


Mjög kraftmikill og nákvæmur fræsari. Hraði: 23000 sn/mín. Mótor: 750 wött.



Stórviðarsögin með bensínmótor. Blaðlengd 410 mm og sjálfvirk keðjusmurning.


Vinkilslípivél til iðnaðarnota. Þvermál skífu 7". Hraði: 8000 sn/mín. Mótor: 2000 wött.


Óviðjafnanlegur hefill með nákvæmri dýptarstillingu. Breidd tannar:3". Dýptarstilling: 0–3.1 mm. Hraði: 13.500 sn/mín. Mótor: 940 wött.

ÞEIR, SEM VILJA VÖNDUÐ VERKFÆRI, VELJA SKIL

Einkaumboð á Íslandi fyrir Skil rafmagnshandverkfæri.

FÁLKINN®

SUÐURLANDSBRAUT 8, SÍMI 84670

Eigum einnig fyrirliggjandi margar fleiri gerðir og stærðir af Skil rafmagnshandverkfærum, en hér eru sýndar, ásamt miklu úrvali hagnýttra fylgihluta. Komið og skoðið, hringið eða skrifið eftir nánari upplýsingum.